

Þjóðhagsráð

**Dagskrá 10. fundar  
haldinn 2. desember 2020 – Teams fjarfundur**

**10:00-10:05**      **Inngangur forsætisráðherra**

**10:05-11:15**      **Lífeyrismál**

Fyrirhuguð heildarendurskoðun lífeyrismála skv. yfirlýsingu stjórnvalda í tengslum við lífskjarasamningana 3. apríl 2019

Inngangur Bjarni Benediktsson fjármála- og efnahagsráðherra

Innlegg frá aðilum Þjóðhagsráðs um markmið og áherslur við heildarendurskoðun

Umræður

**11:15-11:27**      **Önnur mál**

**11:27-11:30**      **Lokaorð og næsti fundur**

## Umræða um lífeyrismál á fundi þjóðhagsráðs 2. desember 2020

### [Í yfirlýsingu stjórnvalda vegna kjarasamninga í apríl 2020 segir:](#)

Í viðræðum stjórnvalda við fulltrúa heildarsamtaka á vinnumarkaði hafa verið ræddar ýmsar hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi lífeyrismála og réttindastöðu sjóðfélaga. Stjórnvöld hafa lýst sig reiðubúin til að efna til samstarfs við aðila á vinnumarkaði um heildarendurskoðun lífeyrismála, sem vanda þarf til og tekur eðli máls samkvæmt nokkurn tíma.

Meðal efnispátta slíkrar endurskoðunar eru:

- Skipulag og uppbygging lífeyriskerfisins og lífeyrisréttinda
- Sjálfbærni lífeyriskerfisins
- Lífeyrisaldur
- Inntak tryggingaverndar
- Jöfnun á örorkubyrði milli sjóða
- Umfang og meðferð séreignarsparnaðar
- Tryggingafræðilegar forsendur
- Samspil almannatrygginga við greiðslur úr lífeyrissjóði
- Almenn skilyrði fyrir starfsemi lífeyrissjóða
- Fjárfestingar sjóðanna
- Eftirlit með starfsemi sjóðanna

Áform um heildarendurskoðun var áréttað í [yfirlýsingu ríkisstjórnar í tilefni af viðræðum um forsendur Lífskjarasamningsins](#) í lok september sl. Þar sem tilkynnt var að stefnt yrði að gerð grænbókar um lífeyrismál sem kynnt verði vorið 2021.

### Gögn til hliðsjónar í umræðunni:

[FRAMTÍÐARSÝN Í LÍFEYRISMÁLUM](#) – Drög að skýrsla vinnuhóps um endurskoðun lífeyrismála skv. 9.gr. stöðugleikasáttmálans dags. 25. júní 2009- dags. Júní 2015.

[Samkomulag BHM, BSRB og KÍ, annars vegar, og fjármála- og efnahagsráðherra, f.h. ríkissjóðs, og Sambands íslenskra sveitarfélaga, hins vegar, um breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna](#)

[Kynning á samkomulaginu](#)

### Umræðurammi á fundi þjóðhagsráðs:

- Hver eiga helstu markmið og áherslur að vera við heildarendurskoðun lífeyrismála?
- Er rétt að viðhalda núverandi sparnaðarhlutfalli? Er rétt að viðhalda tilgreindri séreign og hvernig má einfalda uppbyggingu réttinda?
- Hverju þarf að breyta/huga að varðandi skipulag og uppbyggingu lífeyriskerfisins til framtíðar, þ.m.t. varðandi tengsl lífeyrissjóða og stéttarfélaga og sveigjanleika á vinnumarkaði ?
- Hverjar eru áherslur varðandi réttindakerfið og hvernig sjáið þið þróun þess og samspil við almannatryggingar og jöfnun á örorkubyrði?
- Hvaða þáttum þarf að huga að er snúa að uppbyggingu sjóðanna, fjölda sjóða, fjárfestingarumhverfi og -heimildum, ekki síst þegar stærð sjóðanna nálgast tvöfalda landsframleiðslu.